

Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í Laugardalshöll, Engjavegi 8, 104 Reykjavík,
25. maí 2019

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2018.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Arnar Ólafsson leggur til að Hörður Oddfríðarson verði þingforseti, Helga Svana Ólafsdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir þingritarar og að kjörbréfanefnd verði skipuð Olgu Bjarnadóttur, Tönju Birgisdóttur og Ingvari Kristinsyni.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma.

Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Olga Bjarnadóttir, Tanja Birgisdóttir og Ingvar Kristinsson. Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Í lögum sambandsins er gert ráð fyrir því að einungis þau félög hafa kostningarrétt sem eru skuldlaus, miðað við 31. desember árið á undan. Það liggur þó ekki fyrir og ekki hægt að fylgja því eftir. Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 10 fimleikadeilum/félögum.

4 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

Arnar Ólafsson formaður Fimleikasambandsins ávarpar þingið:

Arnar fer yfir skýrslu stjórnar. Hann minnir á Eurogym næsta sumar og mikilvægi þess að allir taki þátt. Ávinningur fyrir félögin, uppbygging FFA inni í félögunum og fjárhagslegur ávinningur.



Nýtt bókhaldskerfi var tekið í notkun fyrir 2 árum, verkefni var mun stærra en búist var við og ennþá er mikil vinna eftir. Arnar bendir á að samkvæmt fjárhagsskýrslu eru útiliggjandi 60 milljónir.

Fræðslumálin, við verðum að koma námsefninu á stafrænt form og auka aðgengi að því. Kynslóðirnar sem eru að koma upp, hafa ekki þolinmæði í að sitja í 2 daga, lyklatríði að ná þeim inn. Við megum ekki missa ungu kynslóðina út.

Stór afreksverkefni í hóp fimleikum og áhaldafimleikum voru á árinu og því mikil útgjöld. Auk þess var ófyrirséður kostnaður, en þess má geta að á Evrópumótinu í áhaldafimleikum komst Valgarð Reinhardsson í úrslit og því aukin kostnaður sem fylgdi því. Evrópumótið í hóp fimleikum fór einnig fram úr áætlun, en leigð var flugvél ásamt því að vandamál fylgdu matnum og samgöngum sem búið var að greiða mótshöldurum fyrir á mótinu og því jókst kosnaður talsvert.

Mikil bæting var í aðkoma fagteymis í kringum landsliðin en samkvæmt afreksstefnu sambandsins og þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir þremur árum, er stefnan að auka aðgengi keppenda að fagteymi og að fagteymi fylgist betur með keppendum. Stórt framfaraskref var í aðkomu sjúkráþjálfara að keppendum og voru framkvæmdar mælingar á öllum iðkendum í úrvalshópum. Aðgengi iðkenda að sálfræðingi hefur einnig aukist til muna, en sjúkráþjálfari og sálfræðingur fylgdu keppendum á öll stærstu mótin. Kostnaðarþátttaka keppenda hefur minnkað vegna aukins framlags ríkisins í gegnum ÍSÍ. Við erum ekki komin á þann stað að borga mikið með unglíngum en fullorðnir eru að borga minna og stundum ekkert, ásamt því að við skuldum ekki neitt.

4.1 Skýrsla stjórnar

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hún vísar í framlagða ársskýrslu FSÍ og minnir á að mikil áhersla hefur verið á að styrkja innviði og ferla sambandsins sem og að auka sýnileika.

Sólveig kynnir stjórnina en ásamt Arnari Ólafssyni formanni sátu í stjórn; Kristinn Arason, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Hulda Árnadóttir, Kristín Ívarsdóttir, Þór Ólafsson og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, og þakkar þeim fyrir gott samstarf á starfsárinu.

4.2 Tækninefnd kvenna

Sandra Árnadóttir, formaður tækninefndar í áhaldafimleikum fer yfir skýrslu tækninefndar sem finna má í skýrslu stjórnar.

Sandra fór yfir helstu breytingar á mótahaldi í þrepum og sagði frá því að nú væru öll mót pappírslaus. Breytingar í dómaramálum á árinu voru þau að FSÍ sér um að greiða dómurum en félögin þurfa ennþá að finna dómara fyrir hvert mót.

Nefndin lagði á árinu áherslu á að minnka brottfall hjá yngri kynslóðinni.



Aðrir nefndarmenn: Auður Ólafsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Þorbjörg Gísladóttir.

Sandra þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

4.3 Tækninefnd karla

Formaður tækninefndar karla er Anton Þórólfsson. Anton forfallaðist og því var ekki kynning á skýrslu tækninefndar karla í áhaldafimleikum, en hana má finna í skýrslu stjórnar.

Aðrir nefndarmenn: Sigurður Hrafn Pétursson, Axel Ólafur Þórhannesson, Daði Snær Pálsson og Vilhjálmur Ólafsson.

4.4 Tækninefnd í hópfimleikum

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hópfimleikum fjallaði sérstaklega um breytingar á reglum, nýtt verklag vegna slysa þar sem nú má stöðva keppni ef alvarlegt slys verður og samþykktar tillögur varðandi að strákar megi keppa án þess að vera dæmdir, þrátt fyrir að vera eldri en aldursflokkur segir til. Bergþóra vísaði að öðru leiti í skýrslu stjórnar.

Aðrir nefndarmenn: Ágústa Dan Árnadóttir, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Una Brá Jónsdóttir og Þórdís Þöll Práinsdóttir

Bergþóra þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin, þjálfurum, dómurum og stjórn FSÍ sömuleiðis.

4.5 Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar.

Hlín fjallaði sérstaklega um breytingar á skrifstofunni, en fastur starfsmaður á skrifstofu sem hefur auðveldað fræðslunefnd. Því var hægt að halda fleiri námskeið á árinu og nýtt námskeið varð til á stigi tvö og er því stigi því lokið. Fræðsluefni var búið til í samráði við fræðslustjóra Fimleikasambandsins, Helgu Svönu Ólafsdóttur. Hafist verður handa við að búa til námskeið á stigi þrjú á árinu 2019. Nefndin fékk til landsins marga sérfræðinga á árinu sem héldu fyrirlestra og/eða námskeið fyrir þjálfara og iðkendur í hreyfingunni.

Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Fanney Magnúsdóttir, og Stefanía Eypórsdóttir.



4.6 Nefnd um fimleika fyrir alla

Guðrún Tryggvadóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla vísar í skýrslu nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn: Eva Hrund Gunnarsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

5 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

5.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitum skoðunarmanna)

Arnar Ólafsson kynnir reikninga sambandsins og þakkar stjórn fyrir samstarfið.

Tekur fram að framsetningu var breytt til að endurspeglar betur starf sambandsins, reikningurinn hefur verið einfaldaður en á móti eru skýringar nákvæmari og að fyrirkomulag á færslu bókhalds hefur verið breytt með sama markmiði í huga. Sjá má reikninga í ársskýrslunni.

Rekstur: Í ágætis málum. Fórum töluvert fram úr áætlun í afreksverkefnum en undir þann lið falla einnig EuroGym og Golden Age. Þau verkefni voru rekin með tapi sem jók kostnaðinn undir þeim lið. Mesta muninn má finna þar, miðað við áætlun sem við gerðum fyrir 2018.

Hagnaður: Upp á 3,5 milljón. Áhyggjuefni hér er í raun að viðskiptakröfur í augnablikinu sem við eigum útistandandi eru 59 milljónir og hafa aukist umtalsvert frá því í fyrra eða um 8 milljónir. Það skýrir að stærstum hluta muninn á því að haldbært fé hefur fallið um 10 milljónir, einstaklingar eða aðilar og aðildafélög og þeir sem eru í viðskiptum við okkur skulda okkur. Handbært fé er komið í um 5 milljónir sem er ekki ásættanlegt.

Útistandandi kröfur: Mikið af þeim kröfum sem við eigum útistandandi eru gamlar kröfur, búið er að greina það og frá árinu 2012 eru þó nokkrir aðilar í skuld og eru útistandandi kröfur frá þeim tíma, sem hefur svo bæst ofan á, ár hvert.

Skuldir: Höfum greitt niður skuldir upp í 9 milljónir, þessvegna erum við með minna fé á bankareikningnum um áramótin. Ástæða þess að við skuldum um áramót er sú að okkar tekjur koma inn seint á árinu og félögin borga helming leyfigjalds eftir áramót.

Launagreiðslur: FSÍ tók yfir allar launagreiðslur frá ÍSÍ, þau voru buffer fyrir okkur áður svo að við gátum leyft okkur að borga ekki 2-3 mánaðarmót. Svo er ekki lengur, því þurfum við að borga alla reikninga hver mánaðarmót.

Styrkir: Við höfum starfað með ÍSÍ að sækja styrki til Ólympíusamhjálpinar og fengið styrki þaðan, þessi styrkur fer beint út til iðkenda, við getum ekki sett hann í það sem við viljum.

Æfingatímar: Þegar við höldum bókhald utan um það hvar við fáum æfingatíma (EM 2018 stærst), þá erum við að fá lánaðan yfir 1000 tíma hjá félögunum. Það er félögunum að þakka að við getum haldið



uppi landsliðum. Aðal munurinn á áætluninni er að þetta eru miklu fleiri tímar en við höfðum áætlað. Það er helsti liðurinn sem var vanáætlaður. Fimleikar fyrir alla eru gegnumstreymi og við vitum ekki fyrirfram hversu margir fara í verkefni. Kostnaðurinn á móti lækkar.

Rekstrargjöld: Nokkurnvegin á áætlun. Ekkert sem stingur í stúf. Það er það ánægjulegasta út úr ársreikningi er að við höfum náð að halda gjöldunum undir áætlun.

Dómarakostnaður: Ofáætlaður 2017 – ofáætlun á haustmóti, það virkar til lækkunar 2018.

Alþjóðleg mót og sýningar: Reynt hefur verið að minnka kostnaðinn á mót fyrir afreksfólkið okkar. Oftast greitt eitt flatt gjald fyrir iðkendur en erfitt er að áætla fyrirfram mat, hótél og þáttökugjöld. Það er stenst þó nokkurnvegin áætlun.

Þjálfarakostnaður: Ekki í samræmi við áætlun, en við erum að greiða þjálfurunum okkar meira en við höfum áætlað – sem er ánægjulegt að þeir fái meira borgað fyrir sína vinnu. Einnig var fagteymum borgað meira.

Námskeið og fræðsluefni: Erum á pari í raun og veru. Það sem stingur í stúf er að við höfðum áætlað meiri kosnað í launahluta við kennslu, sem er minnkun frá 2017. Ennþá 5 milljónir í ógreiddan kostnað sem er merktur námskeiðisgerð.

6 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

6.1 Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 13 fimleikadeildum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 21 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf með samtals 133 fulltrúum. 68 voru á kjörbréfalistum og 12 varamenn.

Við nafnakall voru 58 þingfulltrúar mættir, þingfulltrúar þurfa að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði.

Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

Akureyri –	Gerpla – 9/18	ÍR – 1
Árman – 6/8	Grótta – 8/8	Keflavík – 7/7
Björk – 9/9	Höttur – 0	Selfoss – 7/7
Fjölnir – 2/11	ÍBV/Rán – 2/4	Stjarnan – 8/9

Samþykkt að þeir sem eru á staðnum viti hverjir eru með atkvæðisrétt og treysti hver öðrum. Kjörbréf afgreidd. Þingfulltrúar verða að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði. Kjörbréf samþykkt samhljóða.



7 Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga

Ingvar Kristinsson:

Þakkar fyrir skýrslu stjórnar. Það er mikill kraftur í sambandinu og mikið af flottum verkefnum í gangi á árinu. Bendir á að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu sambandsins.

Hugbúnaður sambandsins: Hrósar Arnari fyrir Leyfiskerfi. Þarf að velta fyrir sér hvað gerist ef Arnar hættir og hættir að sinna þessu. Frekari þróun og frekari aðlögun kallar á frekari þróunarvinnu. Passa að lenda ekki með eins manns hugbúnað. Hvernig á að halda áfram þróun á þessu ef Arnar hættir?

Reikningar: Varðandi reglur um kjörbréfanefnd. Þetta var sett inn í lögin þegar þeim var breytt, mikið rætt hvort skuldarstaða ætti að vera þannig að menn færu í keppnisbann. FSÍ þarf að hafa ehv konar svipu á aðila til að þeir borgi sín gjöld. Ef við viljum ekki hafa þetta svona í lögunum þá á að taka þetta út og finna aðra leið. Árið 2015 voru skuldir aðildafélaga 5 milljónir og í dag 32 milljónir. Kemur til að hluta til útaf leyfiskerfi, að hluta útaf dómaramálum o.fl. Reikningar aukist miðað við aukið umfang sambandsins.

Hrósar Hlín Bjarnadóttur og Helgu Svönu Ólafsdóttur fyrir þeirra vinnu í tengslum við fræðsluna.

Olga Bjarnadóttir:

Frábær skýrsla, frábært starf í Fimleikasambandinu, stolt að vera hluti af þessari íþróttagrein. Áhyggjur af fjárhagi sambandsins.

Húsaleiga í rekstrargjöldum: Ekki gert ráð fyrir húsaleigu í 2018 og 2019 og 2020. En samt er hún alltaf 1,7 milljón.

Leigan: Segir að það sem leiga er sett inn í ársreikning sambandsins þarf hún líka að koma fram í ársreikningi félagana sem styrkur frá félögum og biður um reikning frá FSÍ.

Laun landsliðsþjálfara: Frábært að þau eru hærrí en þau áttu að vera. Bendir að á að það er gott að við komumst ekki með fleiri lið á Evrópumót í hópfimleikum þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því, því að við hefðum ekki átt efni á því.

Ólympíusamhjálpin: Verður að gera skýrt í hvað verkefni á að nota peningana þegar fengin er Ólympíustyrkur.

Heimasíða: Öll gögn inn á heimasíðu og ekki hægt að komast í það í símanum. Pappírslaut þing. Úrelt göng sem fólk er að koma með og vitna í og félögin vita ekki hvert þau eiga að benda þeim að fara. Aukið álag á skrifstofu.

Svar frá Arnari til Olgu:

Húsaleiga félaga: Ákveðin gildi sem eru notuð sem voru fengin frá félögum. Arnar ætlar að framkalla listann inn í fjárhagsnefndinni.



Ólympíustyrkurinn: Við lögðum út í kostnað útaf því að við fengum Ólympíustyrkinn. Hefðum ekki lagt það út nema hafa fengið styrkinn. Hardy og Jeff komu útaf þessu. Hluti fer til okkar afreksfólks.

Heimasíða: Er í vinnslu.

8. Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

Þingforseti leitar afbrigða frá lögum sambandsins, óskar eftir að þingið staðfesti að fyrirliggjandi gögn fundarins verði tekin til umfjöllunar. Þing samþykkir með rúmlega 2/3 hluta atkvæða að gögnum verði tekin fyrir.

8.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Þing samþykkir reikninga með rúmlega 2/3 hlutum atkvæða.

Skýrsla stjórnar samþykkt:

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Reikningar samþykktir, þrátt fyrir að hafa borist seint:

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kristján Erlendsson tekur til máls:

- Kristján er fyrrum formaður FSÍ, hann gengdi því embætti í 4 ár og var formaður Gerplu í 11 ár. Hann benti á að hann væri ánægður með nefndirnar og þeirra yfirlit og að það væri alltaf styrk stjórn á Fræðslumálum.
- Hann benti á umræðu um forvarnir og hvernig ætti að framkvæma þær inni í hreyfingunni. Hann lagði til að FSÍ stæði fyrir Fimleikar gegn offitu barna. Hann telur okkur hafa allt til að framkvæma það, en setja þarf verkefnið upp á formlegan hátt og fá menntamálaráðuneytið með og taka útekt á því hvernig tekst til.

Hafsteinn Pálsson ritari ÍSÍ tekur til máls:

- Hafsteinn hrósaði FSÍ fyrir öflugt starf og sagðist sjá verulega fjölgun, veltu aukningu og aukið starf. Bendir á hvað Getspá og getraunir skipti hreyfinguna miklu máli, en útbreiðslustyrkur kemur af arði íslenskrar getspar. Allt skilar þetta sér í starf íþróttahreyfingarinnar.
- Sagði frá því að margt væri verið að sýsla hjá ÍSÍ og bauð Olgu velkomna í stjórn. En ásamt nýrri stjórn væri að koma að Smáþjóðleikum og Ólympíuleikar fara fram á næsta ári.
- Almenningsíþróttaverkefni eru í fullum gangi hjá ÍSÍ ásamt ótal öðrum verkefnum.
- Tilnefna fulltrúa í nefndir á vegum menntamála og forsætisráðherra. Galið að þetta sé verkefni sem við eigum að standa í. Vonandi næst að afgreiða þetta mál, þar sem skipaður verður samskiptaaðili að ef eitthvað er í ólagi í samskiptum að hægt að hafa samband við. Erfitt að taka á þessum málum og það skiptir máli að hafa aðila sem hægt er að hafa samband við til að



koma í veg fyrir að upplýsingarnar séu ekki bara sögusagnir. Vonandi komum við okkur uppúr erfiðum málum og getum sýnt að starfið okkar sé öruggt og eitthvað sem við erum stolt af.

- Hafsteinn óskaði þess að árið 2019 verði fimleikaár og starfið eflist og dafni.

9. Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

9.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

Lagt er til að eftirtaldir verði formenn starfsnefnda þingsins:

- a) Fjárhagsnefnd Arnar Ólafsson
- b) Mótanefnd Þorbjörg Gísladóttir
- c) Laganefnd Hulda Árnadóttir
- d) Allsherjarnefnd Kristinn Arason

Tillaga samþykkt.

10. Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs og vísar til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar. Þingskjal 1

11. Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Starfsáætlun vísað til fjárhagsnefndar. Þingskjal 2

12. Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið og þeim vísað í starfsnefndir.

Þingskj	3	Breyting á mótafyrirkomulagi í 5. flokki og kk yngri	Mótanefnd
Þingskj	4	Starfshópur um Eurogym2020	Allsherjarnefnd
Þingskj	5	Eftirlit með framkvæmd siðareglna	Laganefnd
Þingskj	6	Breyting á mótafyrirkomulagi í 4.-5. þrepi	Mótanefnd

13. Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

14. Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og málefni borin undir atkvæði.

Fjárhagsnefnd: Þingskjal 1

Arnar Ólafsson gerði grein fyrir þingskjali 1. Fjárhagsáætlun má finna í viðhengi 1.

Umræður:

Áttum ekki mikið við þetta, viðbótin er lína 10. Gerum ráð fyrir áframhaldandi styrk í gegnum Ólympíusamhjálpinu. Tekjuhlutinn óbreyttur. Rekstrargjöld - miklar umræður um launin.

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2

Arnar Ólafsson gerði grein fyrir þingskjali 2. Starfsáætlun á árunum 2019-2020 er í viðhengi 2.

Umræður:

Engar athugasemdir, fólki fannst áætlunin metnaðarfull. Þó þetta séu verkefni sem á að fara í, þá getur þetta breyst.

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Mótanefnd: Þingskjal nr. 6:

Fimleikaþing, haldið í Reykjavík 25. maí 2019 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Tillaga frá tækninefndum í áhaldafimleikum um breytt mótafyrirkomulag í 4. og 5. þrepi íslenska fimleikastigans.

4. og 5. þrep íslenska fimleikastigans

1. ~~Tvö mót að hausti; 1. 15. október / 15. 30. Nóvember~~ Eitt mót að hausti; 15. okt - 15. nóv
2. ~~Tvö að vori; 15. janúar-15. febrúar / 15. mars-15. apríl~~
3. ~~Keppt verður óháð aldri – engir aldursflokkar og engin verðlaun á áhöldum, keppt verður í fjölþraut með það að markmiði að ná þrepi (þ.e. allir sem ná „vinna“).~~
4. ~~Ef þrepi er náð, verður keppandi að flytjast upp í næsta þrep fyrir ofan.~~



5. Ekki verður lengur keppt á Íslandsmóti í þrepum.

Greinargerð:

Mikilvægt er að megin áherslan í 4. – 5. þrepi verði á að æfa rétta tækni, byggja upp góðan grunn og læra/æfa sig í að keppa. Með þessu mótafyrirkomulagi munu getumeiri keppendur færast hraðar upp fimleikastigann og mun þá fjöldinn aukast í hærri þrepum. „Alvarleiki“ móta verður minni sem ætti að bjóða upp á betri keppnisreynslu fyrir getuminni keppendur.

Með því að hætta að raða keppendum niður í sæti teljum við að fleiri séu tilbúnir til að taka þátt í mótum og vonumst við til þess að með þessum hætti megi dragi úr brottfalli í greininni.

Með þessu mótafyrirkomulagi verða mótshlutar styttri sem samræmist betur samfélagslegum kröfum og gerir upplifun keppenda og foreldra af fimleikamótum betri. Styttri mótshlutar draga úr meiðslahættu og auðveldara ætti að vera að útvega dómara.

Þetta mótafyrirkomulag gerir okkur kleift að koma til móts við þá fjölgun sem orðið hefur og taka á móti enn frekari fjölgun í greininni.

Sæunn Viggósdóttir gerði grein fyrir tillögunni.

Miklar umræður um skjalið, breytingar á 5. og 4. þrepi íslenska fimleikastigans. Hætt að verðlauna fyrir sæti heldur fyrir að ná þrepinu. Nefndin náði samstöðu um að fækka úr tveimur á hausti í eitt.

Umræður í nefnd:

- Keppt í getustigi en ekki aldursflokkum. Umræður um að þeir sem væru eldri í þrepunum fengu ekki að keppa til verðlauna. Engin breyting gerð á tillögunni þó að umræðurnar hafi verið góðar.
- Rökin fyrir því að taka 4. þrepið út var að það eru erfiðari æfingar og eldri þátttakendur í þrepinu, en ef þetta er skoðað síðustu ár, er aldur og fjöldi mjög svipaður í 4. og 5. þrepi milli ára.
- Tímalengd á milli ára. Klárar ekki keppnistímabilið í þrepi ef þú hefur náð því. Getur verið mikið stökk. Fara á vinamót eða keppa ekki á öllum áhöldum á fsí mótum o.frv.
- Endurskoða viðmið sem er skoðað í tækninefndum á hverju ári. Umræðan er sú að það þurfi að hækka stigafjöldann til að ná þrepinu svo að þau séu betur tilbúin í næsta þrep.
- Álit mótanefndar um þingskjal 6. Mótanefnd kom sér saman um eina breytingu á tillögunni sem er lögð hér fyrir.

Breytingartillaga um að tillagan eigi bara við um 5. þrep en ekki 4. þrep.

- Samþykkt atkvæði: 8
- Á móti: 30 á móti



- Tillagan er felld.

Beir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:

- Samþykkt atkvæði: 36
- Á móti: 8
- Tillagan er samþykkt.

Þingskjal nr. 3.

Fimleikabing, haldið í Reykjavík 25. maí 2019 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Tillaga frá Fimleikadeild Stjórnunnar um breytt mótafyrirkomulag í 5. flokki og kk yngri.

Hópfimleikar;

Við leggjum til að 5. flokkur keppi ekki á FSÍ mótum og yngstu drengirnir þ.e. að börn (strákar og stelpur) byrji ekki að keppa í hópfimleikum fyrr en í 4. bekk.

Þannig minnkar álagið á FSÍ og minnkar álag á keppnishelgum. Fyrsta FSÍ mótið er þá haustmót en ekki bikarmót á vorin. Eins leggjum við ríka áherslu á að félögin verði dugleg að halda vinamót fyrir hópfimleikaiðkendum í 2. og 3. bekk.

Fimleikadeild Stjórnunnar leggur til að breyta keppnisfyrirkomulagi hjá 5. flokki og kky

Umræður:

Miklar umræður í nefndinni um skjalið. Það sem bar hæst var að ástæðan fyrir að tillagan var ekki samþykkt í nefndinni er ósamræmi í áhalda- og hópfimleikum. Tækninefnd í hópfimleikum lagðist gegn tillögunni í þessari mynd. Tillaga kom fram um að fækka FSÍ mótum úr 2 í 1. Rætt að félögin mundu ekki senda lið á mót sem eru ekki tilbúin og kom fram að lið í c deild í 4. og 3. flokki eru geturlega lakari fimleikar en í 5. flokki.

Tillaga felld í nefnd og kom ekki til afgreiðslu hér.

Þingskjal nr. 7.

Fimleikabing, haldið í Reykjavík 25. maí 2019 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Tillaga frá mótanefnd að skrifstofa FSÍ haldi utan um mótaskrá fyrir vinamót í áhalda- og hópfimleikum.

Greinargerð:



Samhljómur var innan nefndarinnar að það þyrfti vettvang til þess að fá upplýsingar um vinamót á einum stað svo hægt sé að undirbúa og skipuleggja keppnistímabilið með þessum dagsetningum til hliðsjónar.

Þingforseti spyr þingið hvort þingið vilji taka skjalið fyrir. Umræða búin í nefnd. Samþykkt samhljóða að tillaga sé lögð fyrir.

Tillagan kom upp í mótanefnd. Samhljómur í nefndinni að það vantar vettvang hjá félögum til að hafa yfirlit yfir vinamót milli félaga. Rík hefð er fyrir vinamótum í áhaldafimleikum. Tekið verði þá á mótí upplýsingum hjá Fimleikasambandinu og þær birtar á heimasíðu sambandsins eða gerðar aðgengilegar fyrir öll félög, mótin verða þá ekki einungis fyrir þá sem hafa reynslu af keppni í fimleikum. Rætt við Írisi Svavarsdóttur um að skrifstofan sjái um mótaskrá og geri kröfu á félögin að dagsetning verði komin 1. september.

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd:

Þingskjal nr. 4.

Fimleikabing, haldið í Reykjavík 25. maí 2019 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Fimleikabing 2019, felur stjórn FSÍ að skipa starfshóp sem hefði það verkefni að skoða mögulegan ávinning og samstarf félaganna á Eurogym sem haldið er á Íslandi 11. – 16. júlí 2020. Starfshópurinn leitar leiða til að tryggja sem mesta þátttöku íslenskra fimleika iðkenda í hátíðinni og hvernig má best setja upp ferlið til að viðburðurinn skilji eftir sig þekkingu og þátttöku hjá félögunum í landinu.

Greinargerð:

Nú þegar rúmt ár er í stærsta viðburð sem Fimleikasambandið hefur skipulagt, er mikilvægt að við tökum höndum saman og leggjumst öll á eitt við framkvæmdina. Viðburður af þessari stærðargráðu er vel til þess fallin að skilja mikið eftir sig hjá félögunum í landinu. Mikil þekking og reynsla býr í félögunum okkar og höfum við fulla trú á því að þegar við sameinum krafta okkar getum við framkvæmt ótrúlegustu hluti. Undirbúningur hátíðarinnar er nú þegar hafin og nú þarf að fara að stækka undirbúningshópin, sem einnig er lagt til að starfshópurinn geri, svo að aðdragandi og hátíðin sjálf gangi sem best fyrir sig.

Kristinn Arason gerði grein fyrir tillögunni.

Umræður um umfang verkefnisins. Best að fá sem flesta og að fólk frá flestum félögum hefðu fulltrúa í þessari nefnd.

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.



Laganefnd:

Pingskjal nr. 5.

Stjórn Fimleikasambands Íslands leggur til að siðareglur FSÍ verði endurskoðaðar í samráði við aga- og siðanefnd sambandsins, þannig að í þeim komi fram ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd þeirra. Mikilvægt er að gefin verði út viðbragðsáætlun ef upp koma áföll og óvæntir atburðir.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur fimleikahreyfingin gert ýmislegt til að efla starfsemi sína með tilliti til síðamála, meðal annars hefur sambandið sett á laggirnar aga- og siðanefnd, sett sér siðareglur og hegðunarviðmið með það að markmiði að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi innan FSÍ. Stuðla að gagnkvæmri virðingu með því að auka vitund og skilning sambandsaðila.

Ag- og siðanefnd FSÍ, hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur sambandsins. Nefndin er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti, ofbeldi eða kynferðislega- eða kynbundna áreitni í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ. Vöntun er þá á viðbragðsáætlun ef upp koma áföll eða óvæntir atburðir og ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd.

Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður laganefndar, gerði grein fyrir tillögunni.

Til viðbótar við formann nefndarinnar sátu 6 aðrir í nefndinni, og þar að auki stjórnarmaður FSÍ og starfsmaður af skrifstofu FSÍ. Mjög góðar umræður voru um þau mál sem tekin voru fyrir í nefndinni og var þeim sem tóku þátt þakkað kærlega fyrir.

Tillagan sem vísað var til laganefndar:

Allir nefndarmenn studdu tillöguna og voru sammála um mikilvægi þess að viðbragðsáætlun sé til, sem og reglur um eftirlit með því að aga- og siðareglur sambandsins séu virtar. Leggur nefndin því til við þing FSÍ að tillagan verði samþykkt, og beinir því jafnframt til stjórnar FSÍ að setja vinnu í gang hið fyrsta, í samvinnu við aga- og siðanefnd sambandsins og laganefnd. Leitað verði fyrirmynda til annarra sérsambanda, ungmennafélaga og jafnvel menntakerfisins um hvernig best sé að taka á slíkum málum.

Almennir umræðupunktur

Vísað var til nefndarinnar að fjalla um leyfiskerfi FSÍ og þá einkum þann lið sem snýr að váttryggingum, en frá upphafi var ætlunin sú að allir sem væru skráðir í leyfiskerfið væru tryggðir undir sameiginlegri váttryggingu sem FSÍ tæki. Það hefur ekki enn gengið eftir.

Lagt var til að rætt yrði um tiltekin atriði þessu tengt:

- hvort að taka ætti hugmynd um slíkar tryggingar alveg út úr kerfinu og að láta bara hverju aðildarfélagi fyrir sig eftir að sjá um váttryggingarmál iðkenda sinna.



- Ef fjárhæð hefur verið tekin til hliðar sem eyrnamerkt væri tryggingunum, hvort nýta megi hana þá ekki til niðurgreiðslu á dómara- og þjálfaranámskeiðum þannig að hún skili sér aftur til félaganna?
- Ræða mætti hvort skrá megi krílin, 2-4 ára í leyfiskerfið, en ekki yrði greitt leyfisgjald fyrir þau?

Umræðurnar voru nokkrar um það hvort að flækjurnar í kringum þetta væru svo miklar, að best væri bara að hverfa frá áætlunum um að hafa váttryggingar inni í kerfinu.

Skiptar skoðanir voru um það hvort að gjald fyrir tryggingar hafi hingað til verið inni í leyfisgjöldunum eða ekki. Þannig sé ekki ljóst að einhver summa hafi verið eyrnamerkt þessu. Voru nefndarmenn sammála um að stjórn FSÍ yrði að eyða öllum misskilningi um hvort þetta hafi hingað til verið inni í gjöldunum eða hvort hugsunin hafi verið að hækka leyfisgjöldin þegar tryggingarnar kæmu inn.

Umræður urðu miklar um það hvað væri í raun falið í leyfiskerfinu. Það væri t.d. óljóst af hverju krílin eigi að greiða leyfisgjald ef að trygging er ekki innifalin í kerfinu. Bent var á að FSÍ býður upp á sérstök námskeið fyrir krílaþjálfara og leyfisgjöldin fari m.a. til að greiða þau niður þar sem þjálfaranámskeiðsgjöldin dekki þau ekki að fullu.

Það gildi einnig um önnur þjálfaranámskeið og dómara námskeið, að námskeiðsgjöldin sem innheimt eru fyrir þau, standi ekki að fullu undir þeim og því standi tekjurnar af leyfiskerfinu einnig undir þeim, ásamt ýmissi fræðslustarfsemi FSÍ og rekstri sambandsins í heild.

Nefndin var sammála því að stjórn og starfsmenn FSÍ verði að setja niður með skýrum hætti út á hvað leyfiskerfið gengur, undir hverju leyfisgjöldin standa, hver sé tilgangur þess og markmið o.s.frv. Það sé mikilvægt fyrir þá sem koma nýir inn í störf hjá aðildarfélagunum að geta áttað sig á þessu og einnig verði að setja þetta fram með skýrum hætti þannig að félögin geti miðlað efninu beint áfram til foreldra sem spyrja út í kerfið. Mikilvægt sé að slík lýsing liggi tilbúin fyrir áður en næsta önn hefst.

Að lokum var upplýst um að óskað hafði verið eftir umræðu um breytingu á lögum FSÍ sem myndi tryggja að boða ætti ávallt dómarafélagið einnig á þing FSÍ. Stjórn FSÍ er sammála þessari tillögu, en ákveðið var að taka breytinguna ekki inn í lög sambandsins fyrr en breyta þyrfti fleiri ákvæðum í þeim, og gera þessa breytingu þá í leiðinni. Stjórn FSÍ hefur heimild til að bjóða þeim sem þeim finnst eiga erindi á þingið án þess að þau falli undir tilgreininguna á því hverjir eiga rétt til að sitja þingið, og var dómarafélaginu boðið á þing FSÍ þetta árið undir þeirri heimild. Verður það gert þar til ofangreind breyting á lögum FSÍ verður komin í gegn.

Allir nefndarmenn studdu þessa tillögu, sem og reglur um aga og siðanefn. Stjórn FSÍ leggur til að siðareglur fsí verði endurskoðaðar með aga og siðanefnd. Allir í nefndinni sammála þessari tillögu.

Beinir til stjórnar að hefja vinnu sem fyrst með aga og siðanefnd og leita til annara félaga til að fá ráð og leiðbeiningu.

Tillagan lögð fyrir þingið – samþykkt samhljóða.



15. Kosningar

Kosnir meðstjórnendur og varamenn til eins árs.

- Ingvar Kristinnsson formaður kjörnefndar kemur í pontu.
- Kjörnefnd skiptist á nokkrum tölvupóstum og kallaði eftir framboðum. Eitt gilt framboð sem barst.
- Arnar Ólafsson er sjálfkjörinn formaður til tveggja ára.

Einungis bárust þrjú framboð í stjórn Fimleikasambandsins.

- Harpa Þorláksdóttir
- Kristín Ívarsdóttir
- Kristinn Arason

15.1 Kosning stjórnar

Eingöngu er kosið um 3 sæti meðstjórnenda og 2 sæti varamanna og eru þeir sjálfkjörnir þar sem frambjóðendur eru ein í framboði. Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir er ein í framboði til varastjórnar og er sjálfkjörin í eitt ár.

15.2 Aðrar kosningar

- Val fulltrúa á Íþrótttaþing*
Vísað til stjórnar - Samþykkt
- Skoðunarmenn reikninga*
Jochum Marth Ulriksson
Hafsteinn Þórðarson
Kjörnir til eins árs.
- Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*
Vísað til stjórnar - Samþykkt
- Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til tveggja ára.*
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Hjalti Geir Erlendsson og Guðrún Björk Bjarnadóttir
Kjörin til tveggja ára.



16 Önnur mál

Enginn fundarmanna óskaði eftir því að ávarpa þingið.

17 Ávarp formanns

Formaður Fimleikasambandsins þakkar þingfulltrúum fyrir komuna á þingið, einnig þakkar hann fagnefndunum og starfsfólki sambandsins fyrir sín störf.

18 Þingslit

Þingi slitið klukkan 15:44.



Viðhengi 1

Pingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun til 2020							
					Áætlun		
	Skýr.	2020	2019	2018	2017	2016	
Rekstrartekjur:							
Styrkir og framlög	1	95,600,000	81,400,000	73,900,000	51,787,474	45,217,819	
Innlend mót og sýningar	2	43,600,000	43,600,000	42,910,000	39,720,561	36,792,503	
Alþjóðleg mót og sýningar	3	47,750,000	17,950,000	75,750,000	18,812,721	70,482,213	
Námskeið og fræðsluefni	4	10,350,000	9,750,000	11,000,000	9,972,569	2,424,000	
Leyfiskerfi		27,893,250	26,565,000	23,000,000	21,321,200	27,157,050	
Aðrar tekjur		1,500,000	1,500,000	1,500,000	1,356,135	0	
Rekstrartekjur samtals		226,693,250	180,765,000	228,060,000	142,970,660	182,073,585	
Rekstrargjöld:							
Rekstrargjöld	5	62,400,000	59,400,000	56,050,000	46,608,001	35,491,839	
Innlend mót og sýningar	6	39,900,000	39,750,000	40,587,615	35,540,856	29,765,119	
Alþjóðleg mót og sýningar	7	87,300,000	54,537,636	106,775,000	42,889,876	91,916,021	
Námskeið og fræðsluefni	8	9,888,696	10,088,696	10,605,000	10,966,142	11,066,176	
Leyfiskerfi		10,500,000	10,000,000	4,900,000	1,740,539	1,146,381	
Önnur gjöld		3,500,000	3,500,000	4,650,000	2,144,760	3,553,548	
Afskriftir		1,500,000	3,000,000	2,500,000	0	807,540	
Rekstrargjöld samtals		214,988,696	180,276,332	226,067,615	139,890,174	173,746,624	
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		11,704,554	488,668	1,992,385	3,080,486	8,326,961	
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):							
Vaxtatekjur		600,000	600,000	600,000	388,942	606,640	
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(200,000)	(200,000)	(200,000)	(116,462)	(318,646)	
Hreinar fjármunatekjur		400,000	400,000	400,000	272,480	287,994	
Aðkoma fyrir óreglulega liði		12,104,554	888,668	2,392,385	3,352,966	8,614,955	
Hagnaður ársins		12,104,554	888,668	2,392,385	3,352,966	8,614,955	

Skýringar						
1. Styrkir og framlög					Áætlun	
	2020	2019	2018	2017		
Ríkisstyrkur ÍSÍ	3,600,000	3,600,000	3,600,000	3,600,000		
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3,000,000	3,000,000	3,000,000	3,333,065		
Aftekssjóður ÍSÍ	50,500,000	46,500,000	37,500,000	15,950,000		
Lottó	12,000,000	12,000,000	12,000,000	14,510,257		
Samstarfsaðilar	16,500,000	16,000,000	15,500,000	14,107,152		
Aðrar tekjur	10,000,000	300,000	2,300,000	287,000		
Styrkir og framlog samtals	95,600,000	81,400,000	73,900,000	51,787,474		
2. Innlend mót og sýningar					Áætlun	
	2020	2019	2018	2017		
FSÍ Mót	25,000,000	25,000,000	24,500,000	23,068,885		
Önnur mót	0	0	0	698,523		
Framlag aðildarféлага	17,000,000	17,000,000	16,900,000	14,144,429		
Samstarfsaðilar	1,100,000	1,100,000	1,100,000	1,275,000		
Aðrar tekjur	500,000	500,000	410,000	533,724		
Innlend mót og sýningar samtals	43,600,000	43,600,000	42,910,000	39,720,561		
3. Alþjóðleg mót og sýningar					Áætlun	
	2020	2019	2018	2017		
Áhaldafimleikar	2,750,000	3,500,000	6,500,000	4,533,350		
Hópfimleikar	9,500,000	7,000,000	14,500,000	6,942,190		
Fimleikar fyrir alla	21,500,000	3,950,000	42,500,000	3,950,000		
Framlag aðildarféлага	14,000,000	3,500,000	12,250,000	3,390,000		
Aðrar tekjur	0	0	0	(2,819)		
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	47,750,000	17,950,000	75,750,000	18,812,721		



4. Námskeið og fræðsluefni		2020	2019	2018	2017
Pjálfaranámskeið		6,600,000	6,050,000	5,500,000	5,226,500
Dómanámskeið		0	300,000	2,400,000	1,726,000
Önnur námskeið		250,000	150,000	100,000	123,069
Framlag aðildarfélaganna		3,500,000	3,250,000	3,000,000	2,760,000
Aðrar tekjur		0	0	0	137,000
Námskeið og fræðsluefni samtals		10,350,000	9,750,000	11,000,000	9,972,569
5. Rekstrargjöld		2020	2019	2018	2017
Laun og launatengd gjöld		55,000,000	52,000,000	43,000,000	38,943,799
Hugbúnaðarkostnaður		950,000	950,000	950,000	761,725
Markaðsstarf		1,000,000	1,000,000	4,500,000	329,200
Prentun og ritföng		450,000	450,000	450,000	461,097
Simakostnaður		500,000	500,000	500,000	481,974
Internetkostnaður		500,000	500,000	500,000	449,268
Samstarfsaðilar		450,000	450,000	450,000	477,062
Ferðakostnaður - FFA - UEG - FIG - Skrifstofa		1,500,000	1,500,000	1,500,000	1,441,436
Bókhaldskostnaður		375,000	375,000	750,000	1,274,100
Lögfræðiskostnaður		0	0	0	23,619
Menntun starfsfólks		500,000	500,000	500,000	411,850
Gjafir		300,000	300,000	300,000	309,797
Uppskeruhátið		100,000	100,000	100,000	101,700
Fundarkostnaður		375,000	375,000	375,000	371,055
Tölvur og tæki		350,000	350,000	925,000	718,080
Annar kostnaður		50,000	50,000	1,250,000	52,239
Rekstrargjöld samtals		62,400,000	59,400,000	56,050,000	46,608,001

6. Innlend mót og sýningar		2020	2019	2018	2017
Dómarakostnaður		9,900,000	9,750,000	9,629,000	8,615,346
Endurgreitt til mótshaldara		3,800,000	3,800,000	3,750,183	2,431,839
Afsláttur mótshaldara af mótagj.		1,150,000	1,150,000	1,127,100	1,164,800
Verðlaun		1,500,000	1,500,000	1,719,310	1,829,637
Annar mótakostnaður		4,250,000	4,250,000	4,256,291	4,256,291
Húsaleiga		16,900,000	16,900,000	16,869,211	14,551,929
Tölvukostnaður		650,000	650,000	650,000	602,625
Rítföng/prentun		350,000	350,000	386,520	386,520
Flutningskostnaður		400,000	400,000	900,000	838,687
Annar kostnaður		1,000,000	1,000,000	1,300,000	863,182
Innlend mót og sýningar samtals		39,900,000	39,750,000	40,587,615	35,540,856
7. Alþjóðleg mót og sýningar		2020	2019	2018	2017
Páttökugjöld		22,500,000	15,500,000	31,500,000	10,359,368
Flug		18,500,000	14,500,000	28,500,000	9,722,770
Hótel		6,500,000	6,000,000	9,750,000	5,872,607
Búningakostnaður		8,250,000	3,500,000	8,250,000	3,484,177
Sjúkrakostnaður		250,000	137,636	250,000	137,636
Ferðakostnaður		4,750,000	3,750,000	4,750,000	3,619,950
Matur		750,000	400,000	750,000	405,243
Tryggingakostnaður		1,250,000	700,000	1,250,000	661,963
Laun landsliósbjálfa og fagteymis		9,500,000	5,500,000	8,500,000	4,313,365
Styrkir		300,000	300,000	275,000	255,972
Aðstaða		14,000,000	3,500,000	12,250,000	3,390,000
Annar kostnaður		750,000	750,000	750,000	666,825
Alþjóðleg mót og sýningar samtals		87,300,000	54,537,636	106,775,000	42,889,876



8. Námskeið og fræðsluefni	2020	2019	2018	2017
Húsaleiga	2,850,000	2,850,000	2,850,000	2,832,000
Matur	350,000	350,000	350,000	302,524
Tækjaleiga	180,000	180,000	180,000	221,840
Ferðakostnaður	750,000	750,000	750,000	1,534,986
Prentun	250,000	250,000	250,000	205,327
Laun	3,950,000	4,150,000	5,950,000	3,912,568
Laun landsliðsþjálfara og fagteymis	1,558,696	1,558,696	0	1,558,696
Túlkakostnaður	0	0	275,000	396,600
Annar kostnaður	0	0	0	1,601
Námskeið og fræðsluefni samtals	9,888,696	10,088,696	10,605,000	35,540,856



Viðhengi 2

Þingskjal nr. 2

2019			
16-May	17-May	NM í áhaldafimleikum	Svíþjóð
30-May	02-Jun	Heimsbikarmót	Koper, Slóvenía
07-Jun	09-Jun	Flanders, áhaldafimleikar, liðakeppni	Belgía
08-Jun		Deildarmeistaramót í hópfimleikum	Laugardalshöll
21-Jun	30-Jun	Evrópuleikar	Minsk, Hvíta Rússland
27-Jun	30-Jun	Heimsmeistaramót unglínga	Győr, Ungverjaland
07-Jul	13-Jul	Gymnastrada	Dornbirn, Austurríki
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið - Hópfimleikar	Svíþjóð
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið - Áhaldafimleikar	Terrania, Ítalía
20-Jul	28-Jul	EYOF	Baku, Azerbajan
06-Sep	08-Sep	Heimsbikarmót	Szombathely, Ungverjaland
14-Sep	15-Sep	Heimsbikarmót	París, Frakkland
20-Sep	22-Sep	NEM í áhaldafimleikum	Ísland
sept	sept	Golden Age upplýsingafundur	Grikkland
04-Oct	13-Oct	HM í áhaldafimleikum, liðakeppni	Stuttgart, Þýskaland
08-Nov	10-Nov	NM í hópfimleikum	Drammen, Noregur
13-Nov	14-Nov	Norrænn formanna og framkvæmdastjóra fundur	Sofía, Búlgaría
15-Nov	16-Nov	UEG þing	Sofía, Búlgaría
22-Nov	24-Nov	Elite Gym Massilla	Frakkland
21-Nov	24-Nov	Heimsbikarmót	Cottbus, Þýskaland
nóv	nóv	TopGym	Brussel, Belgíu



2020			
13-Feb	16-Feb	Heimsbikarmót	Melbourne, Ástralíu
12-Mar	15-Mar	Heimsbikarmót	Baku, Azerbaijan
25-Mar	28-Mar	Heimsbikarmót	Doha, Qatar
28-Mar	29-Mar	Heimsbikarmót	Birmingham, Bretlandi
mars	mars	Íslandsmót í Höllinni	Íslandi
02-Apr	05-Apr	Berlin Cup	Berlín, Þýskalandi
04-Apr	05-Apr	Heimsbikarmót	Tokyo, Japan
		FIG Colloqium	
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KVK	Ísland
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KK	Ísland
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KK u14	Ísland
apríl	apríl	Íslandsmót í Höllinni	Ísland
apríl	apríl	NM unglina í hóp fimleikum	Danmörku
29-Apr	03-May	EM í áhaldafimleikum - KVK, liðakeppni	París, Frakkland
27-May	31-May	EM í áhaldafimleikum - KK, liðakeppni	Baku, Azerbaijan
29-Apr	03-May	EM í áhaldafimleikum - KVK, liðakeppni	París, Frakkland
27-May	31-May	EM í áhaldafimleikum - KK, liðakeppni	Baku, Azerbaijan
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið	Terrania, Ítalía
Júlí	Júlí	Norrænn formanna og framkvæmdastjóra fundur	Reykjavík, Ísland
11-Jul		EGFL	Ísland
12. júlí	16. júlí	Eurogym	Ísland
September	September	NEM í áhaldafimleikum	Wales
24-Jul	09-Aug	Ólympíuleikar***	Japan, Tokyo
September	September	Heimsbikarmót	Szombathely, Ungverjaland
September	September	Heimsbikarmót	París, Frakkland
15-Oct	18-Oct	EM í hóp fimleikum	Danmörku
15-Oct	18-Oct	EM í hóp fimleikum	Danmörku
Nóvember	Nóvember	Elite Gym Massilla	Frakkland
Nóvember	Nóvember	Heimsbikarmót	Cottbus, Þýskaland
Nóvember	Nóvember	TopGym	Brussel, Belgíu
Desember	Desember	FIG Þing	

